

Skýrsla stjórnar Golfklúbbs Reykjavíkur fyrir starfsárið 1.11.2009 til 31.10.2010

Ágætu félagar.

Á starfsárinu létust tveir félagar í Golfklúbbi Reykjavíkur: Bergur Guðnason þann 5. nóvember 2009 og Guðmundur Gunnarsson þann 9. ágúst síðastliðinn.

Vil ég biðja fundarmenn að rísa úr sætum og minnast látinna féлага.

Stjórn Golfklúbbs Reykjavíkur var skipuð eftirtöldum aðilum á starfsárinu:

Jón Pétur Jónsson formaður
Björn Víglundsson varaformaður
Helga Harðardóttir gjaldkeri
Bernhard Bogason ritari

Meðstjórnendur

Viggó Viggósson
Gunnar Már Sigurfinnsson
Guðni Hafsteinsson

Varastjórn

Helga Hilmarsdóttir
Magnús Oddsson
Anna Björk Birgisdóttir

Haldnir voru 12 bókaðir stjórnarfundir og eins og áður sat varastjórn alla fundi ásamt framkvæmdarstjóra.

Í lok starfsársins voru félagar í GR 3.019. Þar af voru heiðursfélagar, félagar með aukaaðild og félagar með fjaraðild 267. Fjöldi fullgreiðandi félaga er þá 2.752.

Skipting á milli kynja og aldurs er eftirfarandi. Piltar og stúlkur yngri en 20 ára: 345. Konur 21 árs og eldri: 788. Karlar 21 árs og eldri 1.886. Með aukaaðild, þ.e. þeir sem leika aðeins litla völlinn og eru með fjaraðild, ásamt ævifélögum og heiðursfélögum, eru því 267 kylfingar.

Samkvæmt samþykkt aðalfundar árið 2007 ber félagafjölda að vera sem næst 2.750 fullgreiðandi félögum. Í ár reyndist þessi tala vera 2.752, sem er mjög nærri lagi. Erfitt er að halda fjöldanum mikið nákvæmari því félagar koma og fara á mismunandi tíma og þetta er því vel innan skekkjumarka.

Á biðlista eru núna um 100 manns, sem er í minnsta lagi miðað við fyrri ár. Það gæti gefið okkur vísbendingu um ásóknina á næsta ári því ástandið hefur ekki skánað á milli ára. Fyrir nákvæmlega einu ári þóttumst við góð að halda sama félagafjölda. Allt í kringum okkur, á Norðurlöndunum og víðar, er samdráttur. Félögum í golfklúbbum hefur fækkað um allt að 20% og víða hefur orðið vart við gjaldþrot golfklúbba. Ég segi enn og aftur að við erum góð að hafa þennan stöðuga fjölda fullgreiðandi félaga miðað við ástand og horfur þjóðfélaginu. Aðvörunarljósinn blikka og við tökum tillit til þess í okkar áætlunum.

Málefni Golfklúbbs Reykjavíkur og Reykjavíkurborgar

Árið 2006 var undirritaður samningur á milli GR og Reykjavíkurborgar um stækkun Korpu í 27 holur. Sá hængur er þó vanalega á samningum við borgina að allt er háð því að fjármagn finnist til verksins. Hefur klúbburinn unnið sleitulaust að því frá árinu 2006 að fá eða finna fjármagn til þessa verks. GR hefur kynnt fyrir hverjum nýjum meirihluta í borginni nauðsyn þess að fjölga golfholum í höfuðborginni.

Frá samþykkt þessa samnings hafa sex mismunandi meirihlutar verið við stjórn borgarinnar. Golfklúbbur Reykjavíkur hefur í hvert skipti farið af stað og kynnt þetta bráðnauðsynlega verkefni fyrir borgaryfirvöldum. Margoft höfum við haldið að þetta væri komið og hægt að fara af stað með framkvæmdir. En alltaf stóð á fjármögnun og ekkert er hægt að gera án peninga.

Við sáum hilla undir samningsefndir á vormánuðum, skömmu fyrir kosningar. Þá tók einn frambjóðanda sig til og tengdi þennan samning við umræðu um skort á fjármagni fyrir dagvistun barna. Þá upphófst skemmtilegt tímabil eða hitt þó heldur. Golfinu var att á móti dagvistun barna. Hvernig er hægt að svara slíkum samanburði? Það er bara ekki hægt. Málin þróuðust út í vantraust á bókhald klúbbsins og verkframkvæmdir sem GR hefur staðið að síðan um 2000. Gekk þetta svo langt að innri endurskoðun Reykjavíkurborgar fékk það verkefni að fara vel í gegnum allt verkferli, alla samninga og efndir þeirra sem GR hafði komið að og framkvæmt fyrir á liðnum árum.

Stjórn Golfklúbbs Reykjavíkur fagnaði þeirri endurskoðun enda hefur aldrei neitt verið falið eða neinu skotið undan. Í bókhaldi klúbbsins hefur á hverju ári verið lagt fram nákvæmt yfirlit yfir verkþætti og framgöngu allra samninga við Reykjavíkurborg.

Fyrsta verk nýkjörinnar stjórnar klúbbsins í desember 2008 var að fresta framkvæmd við vélageymslu klúbbsins í Grafarholti. Það var gert vegna hruns bankakerfisins á Íslandi og engin vissi hvað væri fram undan. Var ákveðið að nota greiðslu frá Reykjavíkurborg, sem var lokagreiðsla á verksamning fyrri ára, til niðurgreiðslu á framkvæmdaskuldum klúbbsins, greiðsludagur frá Reykjavíkurborg var 5. febrúar 2009.

Vaxtagreiðslur voru á þeim tíma að sliga klúbbinn, um 35 milljónir kr. á ári. Skuldir þessar voru til komnar vegna framkvæmda klúbbsins við Bása, Grafarkot, Grafarholtsvöll og fleiri verkþætti sem um var samið við Reykjavíkurborg. Af þeim sökum var ákveðið að fresta framkvæmd við byggingu á vélageymslu í Grafarholti, sem var inni í fyrri samningi, þar til að veðrinu slotaði og menn vissu í hvaða átt þjóðfélagið stefndi.

Var þessi breyting á verkþáttum kynnt fyrir starfsmönnum borgarinnar sem sinna málefnum golfklúbbsins. Innra eftirlit Reykjavíkurborgar gerði eina athugasemd við allt það ferli sem var skoðað.

Athugasemdin var sú að Golfklúbbi Reykjavíkur hefði verið skylt að kynna frestun á byggingu vélageymslu bréflaga til borgaryfirvalda. Okkur láðist að gera það þar sem við töldum okkur hafa kynnt það vel á fundum með starfsmönnum borgarinnar. Annað kom ekki út úr innri endurskoðun borgarinnar.

Málefnum Korpusamnings var frestað, vegna endurskoðunarinnar, fram yfir kosningar í vor, þangað til enn einn nýr meiri hluti tók við. Athugið vel að samningur sá er um er rætt var samþykktur í borgarstjórn og borgarráði 6. apríl 2010.

Síðan þá höfum við lagt mikla vinnu í að ná samningum við núverandi meirihluta um endanlega framkvæmd þessa samnings. Það tókst loksins þann 9. nóvember síðastliðinn. Ég nánar að þessum samningi hér á eftir.

Ágætu fundarmenn. Þessi greinagerð mín um þessi málefni á þessum fundi er bara stutt yfirlit. Ég hef ekki geð í mér til að þreyta ykkur með öllu því sem á undan hefur gengið.

Til að koma í veg fyrir misskilning vil ég þó að hnykkja á nokkrum atriðum sem skipta höfuðmáli:

GR hefur alltaf átt í mjög góðu samstarfi við Reykjavíkurborg og trúnaður ríkt þar á milli.

GR hefur alltaf upplýst um stöðu allra mála sem snerta uppbyggingu á mannvirkjum félagsins til Reykjavíkurborgar.

Bókhald og uppgjör GR er til mikillar fyrirmyndar. Þar er ekkert dregið undan og það sýnir nákvæma mynd af rekstri félagsins og allar skuldbindingar félagsins gagnvart Reykjavíkurborg ár hvert.

Innra eftirlit Reykjavíkurborgar fór yfir öll okkar málefni gagnvart verkframkvæmdum liðinna ára. Það eina sem kom út úr þeirri miklu vinnu var að tilkynna ætti með bréfi breytingar á samningum gagnvart borginni. Ég tek það alfarið á mig en ég taldi að nóg væri að tilkynna það munnlega. Ástandið í þjóðfélaginu á þeim tíma var þannig að meira segja Reykjavíkurborg frestaði öllum framkvæmdum tímabundið.

Samningur sá sem gerður var um stækkun Korpu er nú í höfn og var undirritaður 9. nóvember. Hann gerir Golfklúbbi Reykjavíkur kleift að byggja nýja níu holu lykkju samkvæmt bestu stöðlum, völl sem á að þola mikla umferð og mikið álag. Ekki veitir af.

Upphaflega var gerður samningur upp á 150 milljónir kr., verðtryggður árið 2006. Framreiknað til ársins í ár var þessi upphæð komin í um 210 milljónir kr. og átti GR inni vegna fyrri framkvæmda á Korpu, sem Reykjavíkurborg átti að greiða fyrir, um 20 milljónir. Samningsupphæðin nemur því samanlagt 230 milljónum króna.

Golfklúbbur Reykjavíkur hefur átt nokkra fundi um málefni klúbbsins með borgarstjóra og formanni borgarráðs. Hafði stjórn GR tvo möguleika í stöðunni. Í fyrsta lagi að taka á sig skerðingu samningsupphæðar, en upphaflega vildi borginn fá endurgreiddar 107 milljónir kr. sem hún taldi GR hafa fengið greiddar en ekki staðið við byggingu vélageymslu. Golfklúbbur Reykjavíkur var ekki sammála þessum viðhorfum og taldi sig vera með gildan samning í hendi þar sem tekið væri á efndum fyrri samninga, samning sem bæði væri búið að samþykkja í borgarstjórn sem og borgarráði. Einnig hafði GR skuldbundið sig til að hefja byggingu umræddrar vélageymslu strax á næsta ári og uppfylla þá endanlega fyrri framkvæmdasamning.

Seinni möguleikinn var að sækja mál klúbbsins og fara réttarleiðina. Sú leið tekur um tvö ár og oft er erfitt að spá um endanleg málalok. Mikil kostnaður fylgir öllum málaferlum og á meðan tikkar yfirdráttur sá sem tekin var í góðri trú um efndir samnings þessa 6 apríl 2010 þegar verkinu var hleypt af stað, þ.e. stækkun Korpu. Á meðan væru öll málefni Golfklúbbs Reykjavíkur á frosti innan borgarinnar og allar framkvæmdir vegna stækkunar Korpu lögju að sjálfsögðu niðri.

Endanleg niðurstaða allra samninga okkar við borgina í gegnum árin, auk síðustu uppákomunnar gagnvart Reykjavíkurborg vegna stækkunar Korpu, er sú að Golfklúbbur Reykjavíkur fær 185 milljónir kr. sem greiddar eru út á fjórum árum. Fyrsta greiðsla er núna í nóvember og síðan í febrúar, ár hvert, næstu þrjú árin. Við gefum eftir 45 milljónir kr. af fyrri samningi en á móti fellur niður kvöð um byggingu vélageymslu úr eldri samningum. Við byggjum því vélageymslu þegar betur árar.

Við teljum að þessir peningar dugi til glæsilegrar viðbótar við annars frábæra velli Golfklúbbs Reykjavíkur. Stjórn GR telur samningaleiðina mun hagstæðari en að fara í langvinn málaferli við borgina. Tafir á samningum hafa kostað Golfklúbb Reykjavíkur stórfé í auknum vaxtagreiðslum og ber ársreikningur þess merki.

Það hefur tekið mörg ár að fá starfsemi Golfklúbbs Reykjavíkur skilgreinda sem starfsemi íþróttafélags og þar af leiðandi eigum við, ef um semst, að fá sömu styrki til rekstrar og mannvirkjagerðar eins og önnur íþróttafélög í borginni. Það eina sem við höfum beðið um er að fá að sitja við sama borð og aðrir. En eitt megið þið vita, að það hefur ekki gengið þrautalaust fyrir sig.

Verkin tala, allt í kringum okkur: Endurbygging hússins sem við erum nú í; Básar, Grafarkotsvöllur, litli völlurinn á Korpu, nýtt chip-svæði hér fyrir neðan Grafarkotsvöll; sléttun brauta í holtinu, lagfæringar á Korpuhúsinu og skrifstofum sem og veitingasalnum þar, malbikun í Grafarholti, stækkun Korpu úr 18 holum í 27 holur, sem nú er í fullum gangi. Margt er þó eftir en það kemur bara í næsta góðæri.

Samt er ekki hægt að líta fram hjá þeirri staðreynd að trúnaðartraustið sem ríkt hefur á milli Golfklúbbs Reykjavíkur og Reykjavíkurborgar hefur beðið hnekki. Allir vita að vegir stjórnmalanna eru órannsakanlegir. Við getum þó ekki annað en fagnað niðurstöðu í þessu margra ára ferli. Mikið hefur mætt á framkvæmdarstjóra GR, honum Garðari Eyland, vegna þessara mála. Ég vil því nota tækifærið og þakka honum fyrir hans framgöngu í mál þessu. Einnig hefur Gestur Jónsson, fyrrverandi formaður klúbbsins, komið að allri

samningsgerð fyrir hönd klúbbsins. Ég vil sérstaklega þakka honum fyrir frábær störf og stuðning.

Vona ég svo sannarlega að málefni golf-íþróttarinnar lendi aldrei í stjórn mála umræðunni. Margt af því sem við höfum fengið að heyra er af því tagi og sýnir ótrúlega vanþekkingu á starfsemi Golfklúbbs Reykjavíkur.

Ég ætla hér á eftir að fjalla betur um starfsemina og kynna fyrir ykkur rekstur ársins og þær framkvæmdir sem lokið er, sem er mun skemmtilegra umræðuefni. Förum yfir þær framkvæmdir sem voru í gangi á árinu:

Grafarholt – framkvæmdir:

Malbikaðir stígar, frá 5. flöt að 6. teig.

Malbikaðir stígar frá 6. flöt upp á 7. teig og inn á 7. braut.

Byggður nýr stór teigur á 7. braut.

Umhverfi 6. teigs lagað og endurbætt.

Hellulagt í kringum bekki og boltapvottavélar.

Áhaldahús málað að innan, gólf og veggir.

Mikið grjót var hreinsað úr 12 brautum. Upp komu fleiri tonn af grjóti sem sumt var notað í hleðslu á teigum.

Gamlar girðingar voru teknar upp allt í kringum völinn.

Umhverfi í kringum aðkomuskilti lagað og fullklárað.

Lúpínu var eytt á nokkrum völdum svæðum.

Nýr vallarstjóri lét til sín taka og tappagataði allar flatir við litla hrifningu félagsmanna. Þetta er þó ein leið til að fá fram mun betri

flatir á vori komanda og styðjum við hann til allra góðra verka í þeim efnum.

Korpa – framkvæmdir:

Vegna nýframkvæmda þá var minna um framkvæmdir enn oft áður á gamla vellinum en þó var farið í að laga aðkomu og stíga á svæði á milli 5. flatar og 6. teigs.

Göngustígur rammaður af með timbri og tröppur lagaðar á 6. teig.

Áætlað er að halda áfram með svipaðar aðgerðir meðfram öllum teigum á vellinum með tíð og tíma.

Litli völlurinn:

Haldið var áfram þeirri uppbyggingu, samkvæmt þeim áætlunum sem eru í gangi, þ.e. að byggja upp tvær flatir og tvo teiga, hið minnsta, á sumri hverju.

Þrjú teigar og tvær flatir. Stefnan er sett á að klára litla völlinn á næsta ári og gera hann góðan og spilhæfan fyrir hvaða kylfing sem er. Stefnan er sett á að Litli völlurinn verði opin yfir vetrartímann.

Korpa – nýframkvæmdir:

Þegar samningur var samþykktur í borgarstjórn og borgarráði þann 6 apríl síðastliðinn ákvað stjórn klúbbsins að fara á fullt með stækkunina. Ákveðið var að vinna að lágmarki upp í þá greiðsluupphæð sem átti samkvæmt samning að koma strax, eða fyrir um 50 milljónir kr.

Þá þegar lágu fyrir teikningar. Mikil áhersla var lögð á að hafa flatir, teiga og allt aðgengi það vel úr garði gert að hægt væri að bjóða vellinum hámarksálag, stórar flatir með mjög mörgum inngönguleiðum og mjög fjölbreyttar holustaðsetningar. Þær fimm flatir sem nú er búið að leggja út og tyrfa sýna að vel hefur tekist til.

Flatarmál þeirra er frá 800 m² upp í um 1000 m². Teigarnir eru eftir því – mjög stórir og eiga að þola mikið álag.

Það sem búið er að framkvæma fór aðeins upp fyrir þá upphæð sem upphaflega var lagt af stað með vegna þess að flatir voru byggðar mun stærri heldur enn fyrri áætlun sagði til um.

Mikil vinna var lögð í að finna rétt rótarlag og mörg sýnishorn voru send til Skotlands til prófunar. Sandur kemur frá Hrauni í Ölfusi og frá Syðri-Sýrlæk í Flóa. Þessu er blandað saman í réttum hlutföllum og síðan lagt ofan á hið margfræga torf sem verið hefur til ræktunar á Syðri-Sýrlæk í um þrjú ár.

Sett var upp vökvunarkerfi kringum allar flatir sem og í allar brautir og er það nýmæli í gerð golfvalla á Íslandi. Búið er að leggja um 3 km vatnslögn og um 4 km rafstreng því kerfið verður alveg sjálfvirkt þegar allri uppsetningu er lokið.

Þegar búið er að tyrfa hverja flöt fyrir sig er hún völtuð nokkru sinnum næstu daga á eftir til að fá flötina eins slétta og hægt er. Tyrfingin tókst mjög vel og eins og sést á mynd (hér á tjaldinu) þá sést hvað rótin hefur vaxið á 7 vikum.

Sáð var í fjórar brautir og fór fyrsta sáning fram um miðjan júlí. Sáningin tókst vel, vökvunarkerfið var notað miskunnarlaust því þurrkar og rigningarleysi er vandamál nútímans. Síðan var yfirsáð í byrjun september.

Nú þegar eru framkvæmdir komnar á fulla ferð og ef allt gengur upp þá verður farið að leika golf á 27 holum á Korpuvelli 2012.

Garðavöllur á Akranesi:

Eins og áður rekur Golfklúbbur Reykjavíkur Garðavöll sem einn af sínum völlum. Var gerður fimm ára samningur um það og eru tvö ár eftir af þeim samningi. Við sjáum um daglega umhirðu með okkar

starfsmönnum en þurfum síðan sem leigugjald að leggja til ákveðið vinnuframlag til endurbóta á vellinum.

Samstarf okkar við Golfklúbbinn Leyni hefur verið með afbrigðum gott og það sem gleður mig mest er aukin umferð félagsmanna okkar upp á Skaga enda hefur völlurinn skartað sínu fegursta í sumar.

Vallarráð er skipað þeim Garðari Eyland, Ágústi Jenssyni, Birki Má Birgissyni og Róberti Halldórssyni. Tengiliður stjórnar er Björn Víglundsson.

Básar:

Fyrir utan venjubundið viðhald þá var ráðist í þá nauðsynlegu aðgerð að loka af neðstu hæða Bása og endurbæta þar allt kennslurými á neðstu hæð.

Samningar náðust við Pró Golf, sem er leiguaðili Bása, um hækkun leigugjalds til að mæta þessum kostnaði og greiðist sá kostnaður niður á nokkrum árum.

Er þetta hin mesta bragabót á annars frábæru mannvirki. Samstarf við Pró Golf vegna Bása hefur gengið mjög vel og er báðum aðilum til mikils sóma.

Básanefnd skipa þau: Viggó Viggósson, Guðni Hafsteinsson og Helga Hilmarsdóttir.

Grafarkot – æfingasvæði:

Lokið var framkvæmdum vegna svokallaðs chip-æfingasvæðis neðst við heimtröðina upp að Grafarholti og verður það opnað um leið og Grafarkotsvöllur verður opnaður næsta vor. Svona svæði hefur vantað lengi og verður þá svæðinu við hlið 18. flatar lokað jafnframt. Það ætti að bæta stutta spil meðlima GR til muna.

Korpuhús:

Nýr rekstraraðili tók við veitingaaðstöðunni á Korpu. Lárus Halldórsson heitir hann vil ég bjóða hann velkominn til starfans. Einnig var ráðist í andlitslyftingu á salnum okkar á jarðhæð, allt tekið í gegn, málað og nýtt teppi lagt á salina. Ný húsgögn tekin í notkun og aðgengi að salerni breytt. Þessar breytingar tókust afar vel enda eru þær undanfari þeirrar miklu umferðar sem hlýtur að verða um Korpu þegar stækkun vallarins lýkur.

Grafarholtshús:

Venjubundnu viðhaldi var sinnt en ekki farið í neinar stórfamkvæmdir þetta árið.

Húsnefnd mynda þær stöllur Helga Hilmarsdóttir og Anna Björk Birgisdóttir.

Starfsmannahald:

Fastráðnir starfsmenn eru 13 og ber helst að nefna að:

Framkvæmdarstjóri er Garðar Eyland
Vallarstjóri Grafarholt er Birkir Már Birgisson
Vallarstjórn Korpu er Ágúst Jensson
Vallarstjóri Garðavelli er Róbert Halldórsson
Íþróttastjóri GR er Brynjar Geirsson
Markaðsstjóri GR er Ómar Friðriksson

Trjárækt:

Stofnuð var gróðurfarsnefnd og tók hún til starfa síðastliðið vor. Var ákveðið að ráðast á lúpínu sem er að nálgast brautir og flatir í Grafarholti hægt og sígandi. Var lagt til atlögu inn við 6. braut og síðan við 12., 13. og 14. braut ásamt aðgenginu inn að 15 braut. Af

nógu er nú að taka. Gaman verður að fylgjast með starfi þessara miklu eldhuga. Einnig markar nefndin gróðurramma þeirra trjátegunda sem vilji er fyrir hendi að hafa innan girðingar í Grafarholtinu.

Nefndina skipa þau:

Gestur Jónsson, Kristín Einarsdóttir og Margrét Geirsdóttir

Einnig ber að nefna að sem fyrr hafa þeir félagar Ríkarður Pálsson og Jón Halldórsson séð um trjásnyrtingar og grisjun.

Kunnum við þessu ágæta fólki miklar þakkir fyrir óeigingjarnt sjálfboðaliðastarf.

Sláttur og umhirða:

Eins og undanfarin ár sér GR um allan slátt á knattspyrnuvöllum Reykjavíkurborgar. Ekki er hægt að segja að mikil þénusta sé af þessari starfsemi. En hún gerir okkur þó kleift að halda við hluta af vélaflota klúbbsins. Þetta fyrirkomulag verður endurskoðað nú alveg á næstunni og tekin ákvörðun um framhaldið. Gjöld þurfa að hækka verulega svo akkur verði af þessari starfsemi.

Klúbburinn sá einnig um hirðingu Hvammsvíkur og slátt púttvalla borgarinnar.

Aðsókn að völlum Golfklúbbs Reykjavíkur:

Enn fengum við frábært sumar til golfiðkunar, sól í heiði daglega og ekki deigan dropa í formi rigningar. Það kom fram á völlum þegar líða tók á sumarið að hafa enga veðurhvíld fengið þetta sumarið, þ.e. þegar kemur þokkaleg bræla í tvo daga og engan langar í golf. Leiknir voru að meðaltali um 230–240 hringir á dag á hvorum velli. Hér á eftir gerum við samanburð á milli ára og er það fróðleg lesning.

Leiknir hringir Grafarholt: 34.211 – voru árið 2009: 30.903 – eða tæplega 11% aukning.

Leiknir hringir Korpa 34.962 – voru árið 2009: 32.509 – eða um rúmlega 7% aukning.

Leiknir hringir Garðavöllur 22.282 – voru árið 2009: 18.400 – eða um 22% aukning.

Leiknir hringir Litli völlum 4.723 – voru árið 2009: 4.198 – eða um tæp 13% aukning.

Leiknir seldir hringir Grafarkot: um 700 – svipað og árið 2009.

Samtals voru leiknir um 97.000 hringir á árinu samanborið við um 87.000 hringi árið 2009. Nemur þetta um 11% aukningu og er þá eingöngu átt skráða hringi (ekki næturspil).

Leiknir hringir á vinavöllum voru samtals um 4.215 hringir á móti 5.195 árið 2009 – um 980 hringjum færri.

Hólmsvöllur Leiru 962

Strandavöllur Hellu 1.783

Þorlákshafnarvöllur 1.470

Ekki hefur verið ákveðið hvaða vellir verða vinavellir næsta ár

Ræsing og eftirlit:

Stjórn GR ákvað að auka eftirlit og fjölga ræsum um tvö á þessu ári vegna mikillar umferðar og breyttrar rástímaskráningar. Í Grafarholti voru þrjár ræsar og einnig á Korpu þar sem sex manns sáu um eftirlit og útræsingu á völlum klúbbsins og stundum var einum lausamanni bætt við og hann sendur upp á Skaga þegar mikið lá við.

Það virðist vera vel þegið að hafa sterkan ramma utan um allt spil og útræsingu. Því verður haldið áfram og ef eitthvað er þá verður eftirlit jafnvel aukið.

Rástímaskráning

Stjórn Golfklúbbs Reykjavíkur ákvað eftir mikla yfirlegu og fjölda funda að breyta rástímaskráningu á netinu, skipta leikdeginum í tvo hluta með mismunandi skráningartíma og leyfa svokallaðar hópskráningar til að létta á eftirsóttasta leiktíma dagsins, frá kl. 3 til 7 um eftirmiðdaginn.

Engum blöðum er um það að fletta að aðgerðir þær sem ráðist var í gerðu það að verkum að kvörtunum og óánægju sem alltaf hefur skotið upp kollinum vegna teigtímaskorts svo að segja hvarf alveg. Veit ég þó að mjög mikið álag var á þá teigtíma sem lausir voru. Það að losna við um 240 kylfinga af besta tíma hlýtur að skila sér í auknum fjölda lausra tíma fyrir aðra kylfinga. Það að útiloka nær alveg tímabókanir á netinu fyrir utanfélagsmenn, nema að morgni leikdags, hefur einnig skilað miklum árangri.

Þó hafa komið upp mál þar sem kylfingar reyna að koma inn í netskráningu vinum og félögum sem ekki eru í GR, bóka með góðum fyrirvara annan meðlim í GR og breyta síðan ekki nafni heldur taka áhættuna á að þeir þekkist ekki. Það virðist landlægt að menn geti ekki haldið sig við skráðar reglur klúbbsins.

Eftirlit verður aukið til muna til að stemma stigu við misnotkun netskráningar.

Sífelld er verið að hyggja að endurbótum á núverandi kerfi, t.d. að taka upp rafræna kortaskráningu áður enn kylfingar koma á teig. Einnig hefur kvótakerfi komið til umræðu. Stjórn GR vinnur að endurbótum á kerfinu og ef breytingar verða gerðar þá verða þær kynntar mjög vel fyrir félögum áður enn þær verða teknar í gagnid.

Á heildina litið hefur árið gengið með miklum ágætum og mjög fáar kvartanir borist framkvæmdastjóra um rástímaskort. Ég ítreka það sem ég hef sagt það áður, að um leið og nýja Korpan opnar þá eru skráningar vandamál meira og minna úr sögunni.

Kappleikjahald:

Mótahald var með svipuðu sniði og áður og lögð áhersla á að halda þeim stuðningsaðilum inni sem stutt hafa við bakið á klúbbum síðustu ár. Við áttum von á nokkrum samdrætti þótt annað hafi komið í ljós. Aðsókn Á Mót var með afbrigðum góð þótt klúbburinn hafi dregið úr framboði.

Stefnan var að draga úr mótahaldi á þeim tíma þegar birtu er farið að bregða. Mót á völlum GR voru 37 árið 2009 en 31 nú í ár. Níu mót voru haldin í ágúst 2009 en fimm mót í ár. Mótum hefur því fækkað um sex milli ára.

Meistaramótið er hápunktur sumarsins. Í ár voru gerðar smá breytingar á fyrirkomulagi. Settar voru fjöldatakmarkanir á hvern flokk og síðan jafnað út á sama fjölda í öllum flokkum ef þurfa þótti. Tókst þetta mjög vel og einfaldaði alla framkvæmd sem er þó mjög umfangsmikil. Enn og aftur var þátttakan mjög góð. Nú í ár tóku þátt 631 kylfingur og tókst mótið með afbrigðum vel.

Klúbbmeistari karla varð Guðmundur Ágúst Kristjánsson og klúbbmeistari kvenna Ragnildur Sigurðardóttir

Stefna er sett á svipað móthald á næsta ári eins og í ár. Líkt og fyrr verður Garðavöllur notaður fyrir smærri fyrirtækjamót og minni hópa til að létta álaginu af völlum klúbbsins í Reykjavík.

Markaðsnefnd:

Eins og áður var aðalverkefni nefndarinnar að afla annarra tekna en árgjalda: öll auglýsingasala, samningsgerð við stuðningsaðila, sala auglýsinga á flettiskilti okkar ásamt yfirumsjón með allri fjáröflun utan árgjalda. Útlitið var ekki gott eftir hrun en með kunnáttu og þrautseigju tókst að sækja þessar tekjur jafnt og áður og munar svo sannarlega um það framlag.

Umsjónarmenn beggja ofantaldra nefnda eru Björn Víglundsson og Gunnar Már Sigurfinnsson ásamt markaðsstjóra klúbbsins, Ómari Friðrikssyni. Kunnum við þeim bestu þakkir fyrir frábær störf.

Kylfingur:

Eins og áður gefum við út blaðið okkar Kylfing, tvisvar til þrisvar sinnum á ári. Sem fyrr ritstýrir Magnús Oddsson því af miklum myndarskap.

Afreks- og unglíngastarf:

Uppbyggingarstarf Golfklúbbs Reykjavíkur er farið að bera ávöxt. Vinna okkar í klúbbum í grasrótinni skilar okkur í fremstu röð hér heima sem og í áhugamannagolfi í Evrópu og þar viljum við vera.

Tekist hefur að loka ákveðnum hring í íþróttastarfi klúbbsins með reglubundnum æfingum fyrir okkar bestu eldri kylfinga og nú getum við státað af íþróttastarfi fyrir kylfinga frá 6 ára aldri og upp í 70 ár. Öllum kylfingum, 18 ára og yngri, stendur til boða að sækja reglubundnar æfingar allt árið um kring.

Árangur sumarsins er með þvílíkum ágætum að lengi verður í minnum haft. Mig langar að stikla á nokkrum helstu afrekum okkar ágætu afrekskylfinga og byrja á Íslandsmeisturum ársins:

Íslandsmeistarar í sveitakeppni karla – lægsti meðalaldur sveita GR í gegnum árin (23,3 ár). Liðstjóri: Sigurður Pétursson.

Íslandsmeistarar í sveitakeppni kvenna – sveitin einnig skipuð kornungum kylfingum að mestu. Liðstjóri: Hólmar Freyr Cristiansen.

Íslandsmeistarar í sveitakeppni unglínga, 16–18 ára stúlkna.

Íslandsmeistari í holukeppni kvenna 15-16 ára, Guðrún Pétursdóttir.

Íslandsmeistari í holukeppni kvenna 14 ára og yngri, Ragnhildur Kristinsdóttir.

Íslandsmeistari í högggleik pílta 16-18 ára, Guðmundur Ágúst Kristjánsson.

Íslandsmeistari í höggleik drengja 14 ára og yngri, Kristinn Reyrr Sigurðsson

Íslandsmót í höggleik kvenna 2. sæti, Ólafía Þórunn Kristinsdóttir – eftir að hafa verið í forystu á mótinu lengi framan af.

Íslandsmeistari í höggleik eldri kylfinga 55-69 ára, Jón Haukur Guðlaugsson

Íslandsmeistari í höggleik eldri kylfinga kvenna 50 ára og eldri, Steinunn Sæmundsdóttir

Íslandsmeistari í höggleik karla 70 ára og eldri, Viktor Ingi Sturlaugsson

Þetta var bara stutt yfirlit yfir helstu afrek okkar besta fólks. En við náðum einnig frábærum árangri í fjöldamörgum öðrum mótum sem of langt mál væri að fjalla um hér. Sá listi birtist í Kylfingi með þessari skýrslu.

Sérstaklega verður þó að geta frábærs árangurs Guðmundar Ágústs Kristjánssonar sem gerði sér litið fyrir og sigraði á Duke of York golfmótinu á Englandi nú í sumar. Þar komu saman allir landsmeistarar Evrópu, 18 ára og yngri. Þetta er frábær árangur sem hefur vakið mikla athygli í golfheiminum og opnar margar dyr fyrir þennan frábæra kylfing.

Annað frábært afrek var unnið af karlasveit klúbbsins sem náði öðru sæti í Evrópumóti klúbba í Portúgal núna í október. Fyrstu tvo dagana voru okkar menn í forystu en gáfu svo eftir á síðasta degi. Samt sem áður náðu þeir besta árangri Íslands í þessu móti. Þeir sem léku fyrir hönd GR voru þeir félagar Haraldur Franklín Magnús, Arnar Snær Hákonarson og Þórður Rafn Gissurarson en þeir dvelja nú í vetur við æfingar á Spáni. Óskum við þeim félögum til hamingju með þennan árangur. Þeir hafa verið klúbbum til mikils sóma.

Kvennasveit klúbbsins lék einnig í Evrópukeppni kvenna í Grikklandi og endaði í 12 sæti. Sveitina skipuðu þær Guðrún Pétursdóttir, Sunna Víðisdóttir og Berglind Björnsdóttir. Vert er að geta þess að allar eru þær kornungar og eiga glæsta framtíð fyrir sér.

Það er ekkert leyndarmál að unglिंगastarf klúbbsins hefur skilað glæsilegum árangri. Allt byggist þetta á því að fá krakka og foreldra til að vinna saman. Samheldni þessa hóps er til fyrirmyndar og eins og komið hefur fram er framtíðin björt og styttest í að Golfklúbbur Reykjavíkur eignist Íslandsmeistara karla. Konurnar hafa hins vegar séð um að sá titill komi reglulega hingað í Grafarholt.

Þeir sem mest hafa komið að þjálfun okkar bestu kylfinga eru þeir Árni Páll Hansson, Sigurður Pétur Oddsson, Ólafur Már Sigurðsson og íþróttastjóri GR, Brynjar Geirsson. Þeir eiga heiður skilinn fyrir frábæran undirbúning og stjórn á þessu mikla starfi. En þessi hópur hefur verið studdur með mikilli sjálfböðavinnu sem þeir félagar Ragnar Baldursson og Víðir Ársælsson hafa staðið fyrir ásamt stórum hóp foreldra. Kann klúbburinn þeim öllum bestu þakkir og vonar svo sannarlega að haldið verði áfram á sömu braut.

Unglinga og afreksnefnd GR skipa þeir Bernhard Bogason, Viggó Viggósson og Guðni Hafsteinsson.

Heimasíðu og upplýsinga nefnd:

Starfið byggist á því að ná sem flestum meðlimum klúbbsins inn á netfangalistann og koma þar með á beinu samband á milli meðlima og klúbbsins. Það hefur tekist með ágætum og áfram verður haldið í að endurbæta heimasíðuna og koma upplýsingum um félagsstarfið til meðlima milliliðalaust.

Guðni Hafsteinsson sér um þetta verkefni með góðri aðstoð starfsfólks GR.

Öldungastarfið:

Vinnan hefur gengið sinn vanagang undir styrkri stjórn Halldórs Kristjánssonar. Þriðjudagsmótin eru orðin það viðamikil að hugsa þarf þau alveg upp á nýtt og jafnvel breyta því kerfi sem þar hefur þróast á síðustu árum ef aukningin verður eins og undanfarin ár, sem er nú bara ánægjuleg.

Kvennastarf:

Starfið er mjög öflugt. Þær kunna svo sannarlega að láta að sér kveða með hinum og þessum uppákomum. Umsjón með kvennastarfinu hefur Anna Björk Birgisdóttir ásamt fjölda annarra kvenna.

Fjármál:

Árið hefur verið erfitt. Því miður höfum við þurft að nota yfirdrátt mun meira en við áætluðum í byrjun, sem er að stórum hluta vegna framkvæmda við Korpu sem átti að fjármagna með styrk frá Reykjavíkurborg. En eins og áður hefur verið minnst á þá dróst sú greiðsla fram til 15. nóvember. Einnig höfum við framkvæmt meira en lagt var upp með í ársbyrjun.

Rekstur Golfklúbbs Reykjavíkur er mjög traustur og endanleg útkoma er réttu megin við strikið. Hér á eftir skýrir gjaldkeri klúbbsins, Helga Harðardóttir, ítarlega ársreikninginn fyrir fundarmönnum.

Niðurlag

Síðustu árin hafa heyrst raddir sem segja að félagar í Golfklúbbi Reykjavíkur séu alltof margir og það ætti bara hækka árgjald um helming og fækka hressilega í klúbbum. Ég er ekki fylgjandi svoleiðis aðgerðum og skil stundum ekki þær röksemdir. Má vera að á stundum sé erfitt að finna þann teigtíma sem hentar hverjum og einum 100 prósent. Það skil ég vel og þess vegna erum við öll af vilja gerð að finna góða og einfalda lausn sem hugsanlega geri öllum kleift að stunda þessa ágætu íþrótt án vandræða.

Upp hafa komið nokkrar hugmyndir um rástíma. Ein er sú að notast við kvóta. Þú færð x tíma í Grafarholti og x tíma á Korpu og er þá átt við netskráningu með góðum fyrirvara. Önnur er að lækka félagsgjaldið og rukka svo fyrir einstaka hringi sér. Þannig greiða þeir mest sem spila mest. Svona mætti lengi telja.

Aðstæður í þjóðfélaginu gætu hugsanlega haft sitt að segja. Hvað gerum við ef við náum ekki að fylla klúbbinn okkar? Getum við átt vona á 20% fækkun félagsmanna? Við skulum gera okkur grein fyrir því að í samdrætti er golfið ekki undanskilið. Hvað eigum við að gera? Hækka árgjald sem nemur fækkun? Eigum við auglýsa eftir félögum? Þessum áleitnu spurningum þarf stjórn GR að velta fyrir sér á þessum umbrotatímum.

Við erum undir það búin að mæta samdrætti. En ef guð og lukkan verður með okkur, sem endranær, þá kemur ekki til þess. Stefna klúbbsins næsta árið er að hlúa að og snyrta allt það mikla svæði sem borgin hefur falið okkur að varðveita, gera vellina okkar eins góða og snyrtilega og hægt er.

Ég horfi alltaf á GR sem eina stóra fjölskyldu. Af og til koma upp þrætumál sem hægt er að leysa. Menntu eru ekki á eitt sáttir um hina og þessa framkvæmd, þessi fær meira en ég. Þetta er nákvæmlega eins og stórt heimili. Allt þetta er partur af því að vera í félagsskap eins og Golfklúbbi Reykjavíkur. Síðan fara menn í golf og allt fellur í ljúfan löð.

Fyrir hönd Golfklúbbs Reykjavíkur vil ég þakka þeim fjölmörgu sem lögðu hönd á plóginn á liðnu starfsári, starfsmönnum sem og veitingamönnum, öllum stuðningsaðilum fyrir traustið og að vinna með klúbbum á erfiðum tímum. Ykkur, ágætu félagar, þakka ég fyrir góð kynni.

Ég þakka frábærum framkvæmdarstjóra, Garðari Eyland, og hans starfsfólki fyrir þeirra stóra þátt í rekstri klúbbsins.

Bernhard Bogason er að hætta í stjórn GR og vil ég færa honum þakkir fyrir óeigingjörn störf í þágu Golfklúbbs Reykjavíkur undanfarin ár.

Ykkur, ágætu félagsmenn, þakka ég þolinmæðina og gott hljóð á fundinum